

Aftenposten – virt dagblað í Noregi

Dagblaðið Aftenposten, með skrifstofu í Osló í Noregi og 190 starfsmenn, er hluti af Schibsted Group útgáfufélaginu sem stofnað var árið 1860 af prentaranum Christian Schibsted. Fyrirtækið er í dag eitt af virtustu og mest áberandi fjölmiðlafyrirtækjum Noregs.

Um 265.000 manns lesa prentútgáfu Aftenposten og 377.000 manns lesa Aftenposten á netinu á degi hverjum. Aftenposten gefur út fjölda tímarita, svo sem Aftenpostent Innsikt fyrir þá sem áhugasamir eru um pólitík og samfélagsmál og hefur tímaritið um 182.000 lesendur á mánuði.

Þótt Aftenposten sé enn stærsta dagblað Noregs hvað dreifingu varðar eru helstu áherslur blaðsins í dag að veita hágæða fréttþjónustu gegnum netið með áherslu á fréttir og fréttaskýringar. Aftenposten á netinu hefur í dag meira en sex milljónir virkra notenda ef stuðst er við talningu með vafrakökum.

Schibsted Group gefur út Aftenposten og VG í Noregi, sem eru leiðandi á norskum fjölmiðlamarkaði, og Aftonbladet og Svenska Dagbladet í Svíþjóð. Schibsted gefur einnig út fjölda staðbundinna dagblaða, eða héraðsfréttablaða, í Noregi og eru þau þekkt fyrir vandaða blaðamennsku, ritstjórnarlegt sjálfstæði og framþróun á sviði stafrænnar fjölmiðlunar.

Schibsted Group er alþjóðleg fjölmiðlasamsteypa með skrifstofur í Osló, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og Helsinki en starfsemin nær einnig til Póllands, Austurríki, Portúgals og Spánar. Í heild á fyrirtækið 55 mismunandi vörumerki og er samanlagður starfsmannafjöldi félaga í samstæðunni 6.000. Fyrirtækið er skráð í Kauphöllina í Osló.